

Samtökin '78

# Starfsskýrsla

---

2011-2012



Lögð fyrir aðalfund 15. mars 2012

# Fjölbreytni til framtíðar

## Samtökin 78

Samtökin 78, félag hinsegin fólks á Íslandi, eru hagsmuna- og baráttusamtök samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks. Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir og transgender fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.

Samtökin '78 reka menningar- og þjónustumiðstöð við Laugaveg 3 í Reykjavík, 4. hæð, sem er öllum opin. Félagið rekur einnig bókasafn á sama stað og er það opið á skrifstofutíma og á fimmtudagskvöldum kl. 20–23.

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 13–17.

**Samtökin '78**  
**Laugavegi 3, 4. hæð**  
**Sími 552 78 78**  
**[www.samtokin78.is](http://www.samtokin78.is)**  
**[skrifstofa@samtokin78.is](mailto:skrifstofa@samtokin78.is)**



# Efnisyfirlit

Rekstur	4
Fræðsla	6
Ráðgjöf	8
Menningar- og félagsmiðstöð	10
Útgáfa og fjölmiðlun	11
Viðburðir	12
Mannréttindi og alþjóðastarf	15
Evrópusamstarf	17
Starfshópar og hagsmunafélög	18

## Fylgigögn:

Ársreikningur 2011  
Fjárhagsáætlun 2012

# REKSTUR

Aðalfundur Samtakanna '78 var haldinn fimmtudaginn 10. mars í Regnbogasal. Á fundinn mættu 41 félagar. Eftirfarandi félagar voru kjörnir í stjórn:

Guðmundur Helgason, formaður  
Anna Jonna Ármannsdóttir, varaformaður  
Pétur Óli Gíslason, gjaldkeri  
Fríða Agnarsdóttir, ritari  
Anna María Valdimarsdóttir, meðstjórnandi  
Haraldur Jóhannesson, meðstjórnandi  
Svanfríður A. Lárusdóttir, meðstjórnandi

Mannaskipti urðu í stjórn síðastliðið sumar þegar Svanfríður gekk úr stjórn sökum anna og Sigurður Júlíus Guðmundsson, sem sat í trúnaðarráði, tók hennar stað líkt og gert er ráð fyrir í lögum Samtakanna. Hann tók formlega sæti í stjórn 3. ágúst.

Til trúnaðarráðs voru kjörin: Dagur Pálmar Eiríksson Mörk, Emelía Eiríksdóttir, Guðrún Rögnvaldardóttir, Halla Kristín Einarsdóttir, Lilja Steingrímsdóttir, Margrét Grétarsdóttir, Sigurður Júlíus Guðmundsson, Steinunn Þórsdóttir, Þorvaldur Skúli Björnsson og Þóroddur Þórarinsson.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Dagur Pálmar Eiríksson Mörk og Sigurjón Guðmundsson.

Stjórn fundaði formlega 25 sinnum á starfsárinu og hélt þar fyrir utan ýmsa óformlega vinnufundi, vann við breytingar og tiltekt í félagsmiðstöð og annað þess háttar. Haldnir voru lögbundnir trúnaðarráðsfundir að vori og hausti, óformlegur kynningarfundur með trúnaðarráði auk félagsfundar að hausti þar sem lögð var fram fjárhagsáætlun, farið var yfir starf félagsins og ýmis mál reifuð. Á þeim fundi var stjórn falið að skipa þarfagreiningarnefnd sem fara skyldi yfir húsnæðisþarfir félagsins og koma með tillögur ef þurfa þætti. Ekki hefur enn tekist að fá fólk til starfa í þessari nefnd og hér með er því auglýst eftir áhugasömum aðilum í hana.

## Fjármál

Rekstrartekjur félagsins á árinu námu 10.679.047 kr. en voru 10.168.936 kr. árið 2010. Rekstrargjöld voru 8.453.991 kr. en voru 13.157.933 kr. árið 2010. Fasteignamat eignarinnar var um áramótin síðustu, 23.080.000 kr. og brunabótamat er 47.800.000 kr. Áhvílandi húsnæðisskuldir (langtímaskuldir) um áramót voru 11.642.679 kr. Félagið samdi við Íslandsbanka um höfuðstólslækkun sem skilaði félaginu kr. 1.147.624 í lækkun skulda. Skammtímaskuldir eru 804.442 kr. en voru 1.596.893 kr. árið 2010. Eignir ársins 2011 eru 21.311.506 kr. en voru árið 2010 kr. 20.589.560.

Framlag ríkisins til félagsins var 5.200.000 kr. sem er sama tala og fyrir árið 2010. Ekki hefur ennþá fengist svar frá ríkinu um hversu hátt framlagið verður fyrir árið 2012.

Hins vegar gerði félagið 3ja ára þjónustusamning við Reykjavíkurborg sem skilar félaginu kr. 2.500.000 á ári, þ.e. 2012, 2013 og 2014. Þetta er hækkun um 1.500.000 kr. á ári og kemur sér afar vel fyrir félagið. Stjórn félagsins varð fljótt ljóst að gera þyrfti róttækar breytingar til að snúa við taprekstri og vinna á skuldavanda félagsins. Búið er að skera niður allverulega í föstum kostnaði og skilar það sér í viðsnúningi í rekstri upp á 5.214.053 kr.

## Starfsmannahald

Árni Grétar Jóhannsson hefur á starfsárinu gegnt starfi framkvæmdastjóra Samtakanna í 50% starfi. Vegna fjárhagsstöðu félagsins var ekki hægt að hafa þetta hlutfall hærra en vonir standa til að hægt verði að auka hlutfallið aftur um leið og efni leyfa. Einhverjum verkefnum framkvæmdastjóra hefur verið sinnt af stjórnarmeðlimum í sjálfboðastarfi til að halda félaginu gangandi en starfsemin er umfangsmeiri en svo að það geti gengið til lengdar að hafa framkvæmdastjóra í aðeins hálfu starfi. Verkefni sem framkvæmdastjóri sinnir lúta að daglegum rekstri þjónustu- og félagsmiðstöðvar og þjónustu við félagsmenn, fræðslumálum í samvinnu við ungmennafulltrúa og ráðgjafa, fjármálastjórn, innheimtu og fjáröflun í samvinnu við gjaldkera, sem og almennu markaðs- og kynningarstarfi. Eftir tíð framkvæmdastjóraskipti árið áður hefur loksins komist gott jafnvægi á starf framkvæmdastjóra og er það til mikilla bóta.

Katrín Dögg Valsdóttir starfaði sem ungmennafulltrúi og hafði umsjón með jafningjafræðslu fram á vor 2011 þegar hún baðst undan starfsskyldum sínum yfir sumarið. Stjórn ákvað þá taka fræðslumálin til endurskoðunar með það að markmiði að efla þau og bæta. Á haustmánuðum var auglýst 30% staða fræðslufulltrúa og úr varð að Auður Halldórsdóttir var ráðin fræðslufulltrúi úr hópi ellefu umsækjenda. Hún hefur síðan séð um fræðslu á vegum Samtakanna í samvinnu við Árna Grétar framkvæmdastjóra.

Sigríður Birna Valsdóttir var framan af ári eini ráðgjafi Samtakanna en á vormánuðum barst henni liðsauki þegar Elísabet Þorgilsdóttir tók til starfa. Þær sinna nú báðar ráðgjafaviðtölum en lesa má nánar um ráðgjöfina annars staðar í þessari skýrslu.

Fríða Agnarsdóttir hefur áfram séð um rekstur á Regnbogasal og ræstingar en auk hennar stendur fastur kjarni fólks vaktina á opnum húsum á fimmtudagskvöldum, meðal annarra Svavar G. Jónsson og Baldvin Baldvinsson. Jón Sævar Baldvinsson bókasafnsfræðingur og Þorvaldur Kristinsson höfðu umsjón með bókasafninu ásamt sjálfboðaliðum en nánar er fjallað um bókasafnið annars staðar í skýrslunni. Guðrún Ó. Axelsdóttir sá um bókhaldið í 15% starfshlutfalli.

Starfshlutfall starfsmanna Samtakanna er svohljóðandi í dag: Framkvæmdastjóri 50%, bókhald 15% og fræðslufulltrúi 30% en þar fyrir utan reiðir félagið sig á aðstoð sjálfboðaliða við einstaka verkefni. Vonir standa til að hægt verði að hækka starfshlutfall bæði framkvæmdastjóra og fræðslufulltrúa um leið og fjárhagslegur grundvöllur næst.

## Framkvæmdir

Á þessu starfsári hafa framkvæmdir í Regnbogasal haldið áfram en eftir var að klára ýmiss konar frágang. Gengið var frá flísum við gólf og á bar en þar nýttum við að mestu efni sem til var fyrir. Hurðir voru settar upp við inngang á bar sem gerir aðkomu í félagsmiðstöð öllu snyrtilegri. Myndir og listaverk í eigu Samtakanna voru hengd upp hér og þar, auk þess sem settir voru upp listar til þess að hengja mætti upp myndir á nokkra vegg. Það gerir okkur kleift að halda myndlistarsýningar í félagsmiðstöðinni eins og vikið er að hér á eftir. Ráðgjöf Samtakanna '78 hefur nú fengið sitt heimili í herbergi inn af bókasafni og er búið að gera það hlýlegt og snyrtilegt. Einn helsti kosturinn við að hafa ráðgjöfina á þessum stað er að hægt er að ganga inn í herbergið beint af stigagangi hússins, sem þýðir að fólk sem finnst erfitt að stíga það skref að koma í ráðgjöf þarf ekki að ganga í gegnum félagsmiðstöðina til þess. Ferðaskrifstofan Pink Iceland hefur tekið á leigu herbergið sem var fundarherbergi og færir sú starfsemi óneitanlega meira líf í húsið. Fyrir liggur að við þurfum að fara í gegnum dót í langa herberginu svokallaða, henda því sem má henda og koma öðru fyrir í geymslu svo herbergið nýtist fyrir starf félagsins, fundi og annað. Geymsluplássi sem við höfðum á leigu úti í bæ var sagt upp. Farið var í gegnum allt það dót sem þar var geymt og mörgu


hent en öðru komið fyrir í félagsmiðstöð. Að allri þessari vinnu hafa fyrst og fremst komið meðlimir stjórnar en einnig hafa ýmsir sjálfboðaliðar tekið til hendinni í stöku verkefnum. Við kunnum þeim öllum bestu þakkir fyrir.

## Félagatal

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu voru 327 og er það fækkun frá fyrra ári en árið 2010 greiddu 375 félagsgjöld. Árið 2009 greiddu 441 félagsgjöld og árið 2008 voru þeir 558. Fjöldi félaga á skrá er núna 957 og því er ljóst að allt of fáir félagar greiða gjöldin. Það skýrist að hluta til af því að innheimtukerfið og félagatalið var ekki í nógu góðu lagi. Búið er að hreinsa upp listana og vonum við að heimtur á árinu 2012 verði betri. Þegar starfsskýrsla þessi fór í prentun voru samtals 168 búnir að greiða árgjöldin fyrir 2012. Breytingar voru gerðar á félagsgjöldunum fyrir 2012 og eru þau sem hér segir: Almennt félagsgjald kr. 4.900, 2.500 krónur fyrir lífeyrisþega og fólk 24 ára og yngra, og 1.500 krónur fyrir ungliða 19 ára og yngri. Ákveðið var að fella út paragjaldið þar sem það olli vandræðum í innheimtuferlinu.


Aldursskipting greiddra félagsgjald

20 og yngri	22
21-30	26
31-40	57
41-50	51
51-60	32
61 og eldri	77
Aldur ekki vitaður	62
<b>Samtals</b>	<b>327</b>



Búseta félagsmanna

Höfuðborgarsvæðið	789
Vesturland	38
Norðurland	47
Austurland	8
Suðurland	31
Reykjanes	30
Erlendis	14
<b>Samtals</b>	<b>957</b>



## FRÆÐSLA

Fræðsla á vegum félagsins skiptist í grófum dráttum í jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum annars vegar og hinsvegar fræðslu til fagfólks, einkum starfsfólk skóla svo sem til kennara, námsráðgjafa, skólasálfræðinga og skólahjúkrunafræðinga. Einnig hafa hópar nemenda frá Háskóla Íslands komið í heimsókn í Samtökin '78 og fengið kynningu á starfi félagsins og sögu hinsegin fólks á Íslandi.

Á starfsárinu (apríl 2011 til mars 2012) voru haldnir 19 fræðslufundir í grunn- og menntaskólum. Þá voru 2 fundir haldnir fyrir fagfólk grunnskóla. Samtals gerir þetta 21 fund á starfsárinu.

## Jafningjafræðsla

Eins og undanfarin ár hafa Samtökin '78 boðið upp á jafningjafræðslu fyrir nemendur á flestum skólastigum en flestir fundanna eru í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldskólum. Frá nóvember 2010 og út maí 2011 sá Katrín Dögg Valsdóttir um jafningjafræðslustarfið og var jafnframt Ungmennafulltrúi og var ungliðum innan handar á fundum þeirra. Félagar úr ungliðahópi Samtakanna '78 voru virkir í jafningjafræðslu í skóla ásamt Ungmennafulltrúa. Hugmyndin að baki jafningjafræðslunnar er að nemendur fræðist af jafnöldrum sínum um hvernig það er að vera sam-, tvíkynhneigð eða transgender manneskja, hvað sé frábrugðið og hvað sé líkt með þeim og öðrum nemendum á svipuðu reki. Á fundunum er margvísleg þjónusta félagsins kynnt svo og saga réttindabaráttu samkynhneigðra og lagaleg staða þeirra í dag. Mest áhersla er þó lögð á hinn persónulega þátt frásagnarinnar þar sem jafningjar fræða jafningja um reynslu sína. Jafningjafræðslan beinist að nemendum á gagn- og framhaldsskólastigi.

Auður Halldórsdóttir var ráðin fræðslufulltrúi Samtakanna '78 í október 2011. Framhaldsskólar hafa einnig óskað eftir fyrirlestrum í tengslum við þemadaga í sínum skólum og hefur fræðslufulltrúi brugðist við því. Eftirspurn eftir fræðslu er mikil, og er reynt að bregðast við eftir bestu getu.

## Fræðsla til fagfólks

Óskir frá starfsfólki skóla um fræðslufundi hafa aukist undanfarin ár og hafa Samtökin '78 reynt að bregðast við þeim óskum eftir bestu getu. Meðal starfstétta sem fræðsla félagsins hefur einkum beinst að eru kennarar, hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, sálfræðingar og skólahjúkrunarfræðingar. Lífandi umræða og fræðsla er ein af forsendum betra skólastarfs og bættri líðan nemenda. Þá hefur félagið leitast við að gera þjónustusamninga við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni með það að markmiði að koma á samtali milli Samtakanna '78 við sveitarfélögin og opna dyrnar fyrir aukinni fræðslu á vettvangi þeirra og kynna þjónustu félagsins. Á þessu ári hefur fagfræðsla verið í höndum Sigríðar Birnu Valsdóttur, ráðgjafa og hefur hún tvisvar farið og frætt fagfólk grunnskóla.

## Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg

Samtökin '78 og Reykjavíkurborg undirrituðu samstarfssamning til þriggja ára sem tók gildi 1. janúar 2012. Með samningnum skuldbinda Samtökin '78 sig til þjónustu við hinsegin fólk í Reykjavík ásamt fræðslu í skólum og til fagstétta borgarinnar. Styrkurinn nemur 2,5 milljónum króna á ári samningstímann á enda.

## Margbreytileikafræðsla

Margbreytileikafræðsla á vegum Mannréttindastofu Reykjavíkur. Fræðsluhópar skipaðir fulltrúum frá Samtökunum '78, Átaki-félags fólks með þroskahömlun, Hugarafli eða Hlutverkasetri og Alþjóðatorgi ungmenna heimsóttu alla 8. bekki í skólum Reykjavíkur (um fimmtíu talsins) og ræddu mikilvægi fjölbreytileika í mannlegu samfélagi. Verkefnið var framkvæmt í október og nóvember 2011 og var styrkt af Evrópusambandinu.

## Stattu með!

Stattu með! er verkefni sem er í undirbúningi hjá Samtökunum '78. Megin tilgangur verkefnisins er framleiðsla stuttra myndbanda sem beint yrði að ungmennum. Í gegnum myndböndin fræðast ungmenni um hinsegin veruleika ásamt því að kenna gagnkynhneigðum jafningjum hinsegin ungmenna viðeigandi viðbrögð við fordómum, niðrandi tali sem og að hvetja þau til að standa með sínum hinsegin félögum. Verkefnið er á frumstigi, en fengist hefur styrkur frá Landsbanka Íslands til handritsgerðar. Leit stendur yfir að fjármagni fyrir næstu stig verkefnisins sem væru framleiðsla myndbandanna ásamt ýtar- og námsefnis. Stefnir er að því að verkefninu ljúki í lok árs.

# RÁÐGJÖF

Markmið ráðgjafar Samtakanna '78 er að gefa fólki kost á viðtölum til að ræða sína stöðu, bæði út frá tilfinningalegum þáttum og einnig út frá ýmsu því sem snýr að réttindamálum. Boðið er upp á 1–5 viðtöl fyrir hvern einstakling en í einhverjum tilfellum hafa fleiri viðtöl verið veitt ef talin hefur verið þörf á því. Í öðrum tilfellum er einnig bent á aðra sérfræðinga utan Samtakanna. Hægt er að panta viðtal á skrifstofu Samtakanna og nú er einnig hægt að hringja beint í ráðgjafa í síma 777-4278. Ekki er greitt fyrir viðtölin en Samtökin fá styrk frá Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélögum til að mæta kostnaði við ráðgjöf og fræðslu.

Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur sinni ráðgjöfinni ein fyrri hluta ársins en vorið 2011 bættist Elísabet Þorgeirsdóttir félagsráðgjafi í hópin og sinni hún öllum viðtölum yfir sumartímamann í fjarveru Sigríðar. Þær munu báðar halda áfram störfum árið 2012. Á árinu fluttu ráðgjafarnir í herbergi við hlið bókasafns og hefur sú breyting haft mjög jákvæð áhrif á ráðgjöfina.

Eftirspurn eftir viðtölum var nokkuð jöfn yfir árið 2011 og viðtölum fjölgaði lítillega frá árinu 2010. Þörfin er greinilega mikil. Flestir sem leita ráðgjafar eru á aldrinum 17–40 ára og lítt munur er á fjölda karla og kvenna. Helsta breytingin er sú að yngra fólki hefur fjölgað mikið og börn og unglingar sækja meira í ráðgjöfina, ýmist ein eða í fylgd með foreldrum sínum.

Ástæður þess að fólk kemur í viðtal virðast líka hafa breyst dálítið. Mun fleiri leita nú til Samtakanna vegna transmálefna, aðallega yngra transfólk og foreldrar þeirra. Einnig hafa foreldrar og aðstandendur mjög ungra barna leitað ráðgjafar vegna kynáttunarvanda barna sinna. Þessi fjölgun ýtir undir þá kröfu að Samtökin '78 geri þennan málaflokk sýnilegri, t.d. á vefsíðu sinni og á bókasafni. Ráðgjafi hefur oft rekið sig á að lítið er til af nýjum bókum og heimildamyndum í þessum málaflokki og því þyrfti að breyta til að koma til móts við þarfir þessa hóps. Eins hefur aukist að hinsegin fólk leiti ráðgjafar vegna tilfinningalegra erfiðleika sem ekki tengjast kynhneigð þeirra beint.

Ein helsta ástæðan fyrir komu til ráðgjafa er þó enn vangaveltur í kringum það ferli að „koma út úr skápnum“. Einnig var eitthvað um að aðstandendur leituðu til ráðgjafa, svo sem mæður, fedur og systkini. Spurningarnar sem tengjast því að „koma út“ eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf samkynhneigðra er. Hjá þeim konum og körlum sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort kynhneigðin eða breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.s.frv. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt væri að hitta annað hinsegin fólk til að kynnast betur þessum „nýja“ heimi. Ráðgjafi rak sig oft á að félagslíf hinsegin fólks er ekki mjög aðgengilegt og lítið af viðburðum sem hægt er að beina fólki á, sérstaklega fólki sem komið er yfir 35 ára aldur. Þörfin fyrir meira félagslíf innan Samtakanna virðist vera til staðar.

Margir vilja ræða um ólíkar hliðar málefna er tengjast börnum, samskipti við börn maka, samskipti við skóla og félagslegt umhverfi barnanna og komu nýs maka inn á heimili barns. Þá vakna oft spurningar sem tengjast tækniþróun, ættleiðingu stjúpbarna, réttindamálum kjörforeldra, barnanna sjálfra og foreldra sem ekki fara með forsjá barna sinna og barneignum homma.

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni hinsegin barna sinna eru oftast en ekki að velta fyrir sér hvernig þeir geti stutt börnin sín best, um leið og þeir vilja kynnast frekar málefnum hinsegin fólks og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra.

Fyrir marga er viðtal hjá ráðgjafa fyrsta heimsókn þeirra í húsnæði Samtakanna. Viðkomandi er þá boðið að skoða húsnæðið betur eftir viðtalið og bent á að í bókasafninu er hægt að finna mikið efni um samkynhneigð. Greinilegt er að netið skiptir


flesta þá er koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í samband við annað hinsegin fólk.

Viðtöl á fyrstu mánuðum ársins 2012 hafa verið mun fleiri en á sama tíma í fyrra og ekkert lát virðist vera á því. Framtíðarsýn ráðgjafa er að á árinu 2012 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilegri og að nýr ráðgjafi taki til starfa svo að hægt verði að bjóða upp á fjölbreyttari og meiri þjónustu. Það er von ráðgjafa að komið verði á fót stuðningshópi fyrir foreldra barna með kynáttunarfanda og að annað hópastarf sem átti að hefjast á síðasta ári verði að veruleika.

### Heildarfjöldi viðtala árið 2011:

Viðmælendur	Fjöldi	Fjöldi viðtala
Konur/transkonur	12	18
Karlar/transkarlar	12	24
Fjölskyldur/pör	13 viðmælendur *	8
Símaviðtöl	4	4
<b>Heildarfjöldi</b>	41	54
Viðtöl sem féllu niður	8 (+?)	8 (+?)

\*par, hjón, tvær mæðgur, ein mæðgin og foreldrar og barn.



### Helstu ástæður komu (heildarfjöldi viðtala):


Koma út	16
Óöryggi v. kynhneigðar	5
Fjölskylduerfiðleikar	2
Segja börnum frá	2
Eignast börn	1
Sambýlisvandi	1
Réttindi	0
Vegna kynáttunarfanda (transgender)	15
Tilfinningatengdir erfiðleikar	6
Vegna kynhneigðar barna	4

# MENNINGAR- OG FÉLAGSMIÐSTÖÐ

## Opin hús í félagsmiðstöð

Opið hús í félagsmiðstöð var hvert fimmtudagskvöld frá kl. 20–23 auk fastra funda ýmissa starfshópa, svo sem ungliðahóps, Q-félags hinsegin stúdenta og Trans-Íslands. Bókasafnið var opið frá 17–22 á fimmtudögum en nú í febrúar var ákveðið að breyta því og færa opnunartímann til fyrra horfs: kl. 20–23. Með haustinu varð töluverð aukning á nýtingu Regnbogasals og er það starf mjög fjölbreytt. Nýstofnaður Hinsegin kór heldur úti æfingum á mánudögum. Öll miðvikudagskvöld eru videokvöld nema fyrsta miðvikudag í mánuði en þá eru fundir hjá Trans-Ísland. Eins og áður hefur komið fram er opið hús á fimmtudögum og á föstudögum er Q-félag hinsegin stúdenta með ýmiss konar uppákomur. Ungliðahópurinn er svo með fundi og opið hús á sunnudögum. Á laugardögum hefur salurinn ýmist verið lánaður út fyrir ýmsa viðburði hjá starfshópum S'78 eða leigður út fyrir einkasamkvæmi gegn vægu gjaldi. Ýmsar listasýningar hafa skreytt Regnbogasalinn og við erum alltaf að leita að fleirum sem hafa áhuga á að sýna verk sín á veggjum salarins.


Hér að neðan má sjá skiptingu gesta félagsmiðstöðvar eftir viðburðum en lausleg talning sýnir að 2342 gestir sóttu viðburði, opin hús og félagsstarf í Regnbogasalnum almanaksárið 2011.



## Bókasafn

Safnið var opið á fimmtudögum kl. 17–22 en sá opnunartími reyndist ekki skila því sem vonast var eftir og í febrúar 2012 var aftur horfið til eldri opnunartíma, kl. 20–23. Þá hefur framkvæmdastjóri sinnt þeim gestum sem óska eftir útlána- og lesstofuþjónustu síðdegis alla virka daga og fer sú þjónusta vaxandi. Safnið er einnig opið á sunnudagskvöldum til útlána fyrir ungt fólk sem hittist í félagsmiðstöðinni. Safnið bauð því upp á þjónustu við gesti í u.þ.b. 30 tíma á viku árið 2011. Safnkosturinn er skráður á gagnagrunninn Gegni og aðgengilegur á Netinu. Alls taka sjö félagar nú vaktir í sjálfböðavinnu. Alla skráningu og samskipti við Landskerfi bókasafna annast Jón Sævar Baldvinsson bókasafnsfræðingur en Þorvaldur Kristinsson leiðir starfið á safninu. Vinnuframlag sjálfböðaliða í safnavinnu á liðnu ári nam alls um 2 verkmanuðum ef frá er talin þjónusta við gesti síðdegis virka daga.

Heildareign safnsins var um síðustu áramót 4854 gögn. Eignir bókasafnsins umfram afskriftir jukust um 76 gögn (60 árið 2010; 92 árið 2009; 248 árið 2008); bóka- og tímaritakostur jókst um 84 titla (47 árið 2010; 68 árið 2009; 188 árið 2008), en mynddiskum fjölgaði um 26 titla (13 árið 2010; 24 árið 2009; 60 árið 2008). Sex tímarit berast safninu ókeypis en eitt í innkaupum. Nemendur sækja sem fyrr aðstoð til safnsins við ritgerðaskrif en flestum framhaldsskólanemendum er vísað á greinasafn á vefsíðu félagsins. Háskólastúdentar og fræðafólk nýta hins vegar safnið í tengslum við nám í hinsegin fræðum, hjúkrunarfræði, lögfræði, félagsráðgjöf, kennslufræði og fleiri greinum í háskólum landsins. Sú þjónusta er mikil og stöðug á veturnum enda er hér um að ræða besta bókasafn landsins í sinni grein.



Heildarútlán safnsins námu 581 titlum (384 árið 2010; 720 árið 2009; 1026 árið 2008) og nemur aukning útlána 51% frá fyrra ári (47% samdráttur 2010; 30% samdráttur 2009; 9,3% samdráttur 2008). Bækur voru 46% af útlánunum og kvikmyndaefni 54% (47% og 53% árið 2010). Á tímabilinu 1999–2005 var útlánaaukning um 3–7% milli ára, næstu þrjú ár var samdráttur um 5–10% milli ára. Árið 2009 var 30% samdráttur, árið 2010 47% samdráttur, en nú hafa málin tekið nýja og betri stefnu með tvöföldun útlána frá fyrra ári. En betur má ef duga skal til að ná fyrri hæðum eftir langa lægð.

Um árabíl var samdráttur í takt við það sem birtist á íslenskum almenningsbókasöfnum allt frá árinu 2003 og talið er tengjast því að almenningsbókasöfn eiga erfiðara uppdráttar þegar þensla er í hagkerfi og kaupgeta mikil. Einnig hafa möguleikar fólks á að sækja myndefni á Netið og erlendar sjónvarpsstöðvar haft áhrif á sókn í þjónustu félagsins. Samdráttur síðustu tveggja ára skýrist þó einkum af hverfandi litlum innkaupum og því að félagsmiðstöð er nú opin einu sinni í viku í stað tveggja kvölda áður. Útlán safnsins á mánudagskvöldum voru lengst af um 25–30% af heildarútlánunum. Til að efla starfsemi safnsins gildir hið sama og í öllum öðrum söfnum: Stóraukin innkaup, m.a. með öflun styrktaraðila til innkaupa. Til að meta árangur starfseminnar skal líka haft til hliðsjónar það viðmið að það telst mjög góður árangur í rekstri bókasafna með sérhæft efni ef árleg útlán nema um 20–25% af heildarsafnkosti. Árið 2011 var þetta hlutfall um 12% í safni Samtakanna '78.

## ÚTGÁFA OG FJÖLMÍÐLUN

Samtökin '78 halda úti vefsíðu sinni samtokin78.is og facebook-síðu facebook.com/samtokin78. Vinna er hafin við að uppfæra vef Samtakanna en sækist fremur hægt sökum tímaskorts sjálfboðaliða. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu nú á þessu ári og opna þá vef sem er aðgengilegur og einfaldur í notkun. Vefsíður eru fyrirbæri sem þarfnast stöðugar umhyggju, það þarf að uppfæra reglulega ýmis forrit sem keyra síðuna og láta allt vinna eðlilega, fyrir utan auðvitað að setja inn efni sem er áhugavert, fræðandi og fjölbreytt fyrir lesendur.

Eftir öflugt starf fram að síðasta aðalfundi fór ritstjórn og ritnefnd Hýraugans í pásu enda lá gríðarleg vinna að baki því að gefa út blað nær mánaðarlega og hvíldi sú vinna á herðum mjög fárra einstaklinga. Þó hefur áfram verið virkni á facebook-síðu Hýraugans þar sem ritnefndarmenn pósta reglulega áhugaverðum fréttum og greinum. Það er líklega á engan hallað þegar sagt er að Atli Þór Fanndal hafi borið hitann og þungann af vinnunni við að koma blaðinu út en hann sá um alla uppsetningu og útlit blaðsins. Hann ásamt Ástu K. Benediktsdóttur prófarkalesara áttu því svefnlausar nætur rétt fyrir útgáfu blaðsins og ljóst að öll þessi sjálfböðavinna ofan á aðra eiginlega vinnu fólks gat ekki gengið til lengdar. Auk Atla og Ástu komu að blaðinu Guðmundur Helgason ritstjóri, Sigurður Júlíus Guðmundsson blaðamaður og Eva Ágústa Aradóttir ljósmyndari. Upp kom sú hugmynd að í stað þess að setja svona mikla krafta í að koma út blaði mánaðarlega væri kannski auðveldara og minna stress fyrir ritnefnd að halda úti vefmiðli þar sem greinar myndu birtast með reglulegu millibili og fréttir jafnóðum og þær berast. Þeir sem eftir eru í ritnefnd vinna nú að útfærslu þeirrar hugmyndar og verður síða Hýraugans líklega á einhvern hátt tengd vefsíðu Samtakanna. Þeir sem hafa áhuga á að skrifa greinar í Hýraugað eða á annan hátt aðstoða við miðilinn er bent á að setja sig í samband við skrifstofu S'78 eða facebook-síðu Hýraugans.

## VIÐBURÐIR

### Trúnaðarráðsfundir

Strax að loknum aðalfundi 2011 kom fram eindregin ósk nokkurra trúnaðarráðsmanna um að virkja ráðið og bæta upplýsingaflæði milli stjórnar og trúnaðarráðs. Boðað var til fundar með stjórn 23. mars þar sem ræddir voru ýmsir möguleikar og trúnaðarráðsmeðlimir beðnir að íhuga áhugasvið sín og taka þátt í því starfi sem tengdist þeim. Lítið kom þó út úr þeim umræðum og samband milli stjórnar og trúnaðarráðs jókst lítið.

Boðað var til fyrri lögbundins fundar með stjórn 7. maí. Þar var þokkalega vel mætt og ýmis málefni Samtakanna rædd, meðal annars leiðir til fjáröflunar. Að loknu hléi var fundurinn opnaður almennum félagsmönnum og héldu tveir félagsmenn fyrirlestra. Svandís Anna Sigurðardóttir kynnti meistararitgerð sína „Kynjaflækja hinsegin mæðra. Að afbyggja kynkjakkerfið og gagnkynhneigt forræði frá jaðrinum“ og Hilmar Magnússon sagði frá för sinni til Brussel á ráðstefnu þar sem rædd var samræmd aðgerðaáætlun Evrópu í málefnum hinsegin fólks. Fundurinn var almennt vel sóttur og urðu nokkuð virkar umræður þar.

Síðari lögbundni fundur trúnaðarráðs og stjórnar var boðaður 28. september þar sem stjórn og trúnaðarráð ræddu starfsemi Samtakanna, alþjóðamál, félagsgjöld og félagsstarf. Reynt var að finna leiðir til að bæta starfið frekar og marka stefnu í alþjóðamálum. Ágæt mæting var á fundinn. Umræður hefðu mátt verða líflegri en þrátt fyrir það var hann mjög gagnlegur.

### Félagsfundir

Haldinn var einn stór félagsfundur á árinu, fimmtudaginn 17. nóvember, þar sem kynnt voru, lögum samkvæmt, drög að fjárhagsáætlun ársins 2012 og farið almennt yfir fjárhag félagsins. Þá fór formaður yfir starfsárið fram að fundi og leitaðist við að svara spurningunni sem oft heyrir: „hvað gerir þetta félag fyrir mig?“, þar sem mikið af vinnunni innan Samtakanna fer fram fjarri kastljósi fjölmiðla og/eða umræðu. Að lokum voru umræður um húsnæðismál Samtakanna en sitt sýnist hverjum um það húsnæði sem við nú eigum. Líflegar umræður sköpuðust um málið og var ákveðið að stjórn skipaði þarfagreiningarnefnd sem færi yfir húsnæðisþörfina, bæði hvernig núverandi húsnæði þjóni okkur og hvernig draumhúsnæði væri fyrir starfsemi sem okkar.

## Lestur Passíusálma

Í byrjun árs hafði Grafarvogskirkja samband við Samtökin '78 og óskaði eftir því að Samtökin tækju að sér lestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa. Við þeirri bön var orðið og lásu um 25 lesarar sálmana í heild. Til viðbótar við lesturinn voru flutt tónlistaratriði, en má þar á meðal nefna frumsamin tónverk eftir Egil Guðmundsson og Gísli Magnason. Hafsteinn Þórólfsson sá um skipulagningu tónlistaratriðanna og þakka Samtökin '78 honum kærlega fyrir sína vinnu. Síðast en ekki síst vilja Samtökin '78 þakka öllum lesurum, tónlistarmönnum sem og öðrum sem komu að því að gera þennan dag að þessum glæsilega viðburði. Samstarf Grafarvogskirkju og Samtakanna '78 vakti verðskuldaða athygli allra fjölmiðla og gerðu þeir því góð skil.

## Afmælishátíð 27.júní

Afmælishátíð Samtakanna '78 var óvenju lágstemmd að þessu sinni og var það fyrst og fremst af fjárhagsástæðum. Stjórn bauð þó félagsmönnum í kaffiboð á opnu húsi í Regnbogasal frá kl. 17–22. Meðlimir úr stjórn og trúnaðarráði komu ýmist með heimabakaðar kökur eða aðkeypt bakkelsi og um kvöldið tóku þau Gísli Magnason og Margrét Eir nokkur lög og vígðu píanó sem Hilmar Magnússon gaf Samtökunum. Formaður las stuttan kafla úr bók um Stonewall-uppreisnina í New York og tilkynnti hverjir hlytu Mannréttindaviðurkenningu Samtakanna '78 þetta árið. Eftir að formlegri dagskrá lauk gat hver sem vildi og kunnir spilað á píanóið fyrir gesti. Hugguleg stemmning á „heimanótum“.

## Hinsegin dagar

Á þessu starfsári tóku Samtökin '78 mun virkari þátt í Hinsegin dögum heldur en undanfarin ár. Seld voru merki Samtakanna á Dragkeppninni, mannréttindaviðurkenningar Samtakanna '78 voru afhentar á opunarhátíð Hinsegin daga í Háskólabíó, myndlistarsýning var opnuð á sunnudeginum og Samtökin tóku þátt í göngunni og voru með sölubás við hátíðarsvæðið á Arnarhóli á laugardeginum. Aðalmarkmiðið með þátttökunni var aukinn sýnileiki, en stjórn þótti Samtökin hafa horfið í skuggann á meðan á hátíðinni stendur þegar þau ættu einmitt að vera flaggskip í hópi hinsegin fólks. Lógó félagsins var prentað á hvíta fána sem nú blakta við hún á félagsmiðstöð auk þess sem formaður bar slíkan fána í göngunni sjálfri. Framkvæmdastjóri bar íslenska fánann og fólk úr stjórn ásamt félagsmönnum báru skilti með ártölum sem minntu á áfangasigra í baráttu okkar fólks fyrir sínum réttindum. Það var áhrifaríkt að sjá þessi ártöl raðast upp og minna okkur á áfangasigra sem hafa unnist til þessa.

## Mannréttindaviðurkenning Samtakanna '78

Mannréttindaviðurkenningar Samtakanna '78 voru að þessu sinni afhentar á opunarhátíð Hinsegin daga í Háskólabíó. Auglýst var eftir tilnefningum sem fóru á lista með tilnefningum fyrri ára og síðan kusu stjórn og trúnaðarráð milli þeirra sem tilnefndir voru. Í flokknum *Hópur, félag eða fyrirtæki* hlaut viðurkenningu HIV-Ísland, Alnæmissamtökin fyrir stuðning við sjúka og fræðslustarf þeirra um málaflokkinn. Formaður HIV-Ísland, Svavar G. Jónsson, veitti verðlaununum viðtöku. Í flokknum *Einstaklingur utan félags* hlaut viðurkenningu dr. Sigrún Sveinbjörnsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri, en hún hefur skrifað fjölmargar greinar og sinnt rannsóknum á högum hinsegin fólks auk þess að hvetja nemendur sína til þess sama. Í flokknum *Einstaklingur innan félags* hlaut viðurkenningu Páll Óskar Hjálmtýsson sem hefur verið óþrjótandi talsmaður hinsegin fólks og haft mikil áhrif á afstöðu almennings til okkar allra. Allir verðlaunahafar hlutu gullmerki Samtakanna '78, innrammað viðurkenningarskjál ásamt blómvendi.

## Menningarnótt – Gakktu í bæinn!

Yfirskrift Menningarnætur í ágúst síðastliðnum var „Gakktu í bæinn!“ Stjórn sótti um og fékk styrk sem Reykjavíkurborg auglýsti fyrir þá sem hygðust bjóða fólki í bæinn með einhvers konar dagskrá. Félagsmiðstöðin var opin frá klukkan 14 og langt fram á kvöld. Þá kom nýstofnaður Hinsegin kór og söng þrjú lög, Trausti Laufdal trúbador spilaði, myndlistarsýning Körlu Daggar Karlsdóttur hékk á veggjum og nýkrýnd dragkóngur og dragdrottning komu í opinbera heimsókn og tók drottningin smá show fyrir gesti. Þá hlupu þrír hlauparar í Reykjavíkumaraþoni til styrktar Samtökunum og söfnuðu 30 þúsund krónum. Sá möguleiki til fjáröflunar uppgötvaðist seint og ljóst er að með smá skipulagi má safna mun meiri fjármunum á þennan hátt í næsta maraþoni. Meðlimir stjórnar og trúnaðarráðs bökuðu vöflur ofan í gesti sem voru allavega 250 talsins yfir daginn en á tímabili var svo fjölmennt í Regnbogasalnum að það var hreinlega ekki hægt að fylgjast með fjöldanum. Þessi menningarnæturopnun er ný af nálinni en þótti takast afspyrnu vel og það verður að teljast líklegt að leikurinn verði endurtekinn að ári.

## Videokvöld

Videokvöld Samtakanna '78 hófust 14. september og eru haldin öll miðvikudagskvöld, utan þess fyrsta í hverjum mánuði. Mæting á kvöldin hefur verið misgóð eftir myndum en að meðaltali hafa u.þ.b. 10 manns mætt. Á videokvöldum hefur verið lögð áhersla á fjölbreyttar myndir sem höfða til allra hinsegin hópa. Myndir sem fjalla um homma, lesbíur, tvíkyhnheigð og trans eru sýndar í jafn miklum mæli að meðaltali. Við það bætast svo heimildamyndir, cult-myndir og myndir sem fjalla um intersex málefni. Félagsmönnum er frjálst að hafa áhrif á myndaval en dagskrá kvöldanna er kynnt mánuð fram í tímann á facebook-síðu Samtakanna.

## Myndlistarsýningar

Í ágúst hófum við í Samtökunum nýtt prógramm þar sem nýjar myndlistarsýningar líta dagsins ljós á veggjum félagsmiðstöðvarinnar með um það bil mánaðarmillibili. Meðal myndlistarmanna sem hafa sýnt verk sín í Regnbogasal eru Karla Dögg Karlsdóttir, Íris Arna Smáradóttir, Elísa Björg Örlygsdóttir-Husby, Freddy, Oddvar o.fl.. Þeir sem hafa áhuga á að sýna í Regnbogasal er bent á að hafa samband við skrifstofu Samtakanna '78.

## Dansleikir

Á félagsárinu stóðu Samtökin '78 fyrir þrennum dansleikjum á skemmtistaðnum Barbara Sunshine/Trúnó. Strax í upphafi starfsársins var svonefndur Masquerade dansleikur, svo voru árlegir jóla og nýársdansleikir. Voru þeir allir fjölsóttir og vel heppnaðir, en New Queens Eve dansleikurinn á gamlárskvöld einna best sóttur, með hátt í 500 aðgöngumiða selda.

## Menningaraðventukvöld

Menningaraðventukvöld var haldið 1. desember en að þessu sinni ákvað stjórn að útvíkka aðeins bókmenntakvöldin sem haldin hafa verið undanfarin ár og bjóða upp á fleiri tegundir af menningu. Arndís Þórarinsdóttir las kafla úr bók sinni *Játningar mjólkurfenskalds*, Felix Bergsson söng lög af nýútkomnum diskum sínum *Þögul nóttin*, Jónatan Grétarsson kynnti í máli og myndum nýja ljósmyndabók sína *Icelandic Queens, Artists, Angels, Stages, Scapes, Bds and the kid*, Myrra Rós trúbador söng nokkur lög, Þorsteinn Antonsson las upp úr *Elíasarbók*, sögur og ljóð úr áður óútgefnum handritum Elíasar Mar, og að lokum söng Hinsegin kórinn nokkur vel valin lög. Þetta var mjög fjölbreytt og skemmtilegt kvöld sem lagðist vel í gesti.

## Jólabingó

Fimmtudaginn 8. desember fór fram árlegt Jólabingó S78 í annað sinn í Bingóhöllinni í Vinabæ. Stórglæsilegir vinningar voru í boði og að vanda fullt hús hinsegin fólks. Rúmlega 200 bingóspilarar mættu til leiks og skemmtu sér vel. Jólabingó Samtakanna '78 er mikilvæg fjáröflunarleið fyrir félagið og var áægjulegt að sjá hversu góð mætingin er á þennan viðburð. Bingóstjórn var í öruggum höndum Viggós Aspelund, ókrýndum söngleikjakonungi Íslands. Jólabingóið gengur ekki upp án þeirra fjölmörgu fyrirtækja og einstaklinga sem leggja okkur til vinninga af miklum rausnarskap. S78 þakka eftirtöldum fyrirtækjum stuðninginn: **Rauða Húsið, NTC, Central Apartments, Tara.is, NFVÍ , Húsgagnahöllin, Elding, Dagbók Önnu Knúts, Helgi Ómars, Eva Ágústa, Krónan, Bodyshop, Veitingastaðurinn Menam, Forlagið, Geysir Verzlun, Blue Lagoon, Kimi Records, Felix Bergsson, Hárgreiðslustofan Onix, Skjárinn, Borgarleikhúsið, Íslenski dansflokkurinn, Þjóðleikhúsið, SENTER, Sigga Beinteins, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sokkabúðin Cobra, N1, Lýsi, N1, Tæknivörur, Birtingur, IcePharma, Uppheimar Útgáfa, Sögur Útgáfa , Opna útgáfa, Veröld útgáfa, Sjávargrillið, Rekstrarvörur, Sigrún Björg, Höfuðborgarstofa, Saga Film, Draggkeppni Íslands, Hárgreiðslustofan Blær, Vitabar, WC - Laugar, Hreyfing, Jón & Óskar, Nexus, heklaisland.is, Room with a View, Barbara, Trúnó, Síminn, Happadrætti Háskóla Íslands, Rainbow Reykjavík - Pink Iceland, Veitingastaðurinn Satt, Fontana, Sena , Gogoyoko, Vodafone, Nova, Glóða - Varmavörur, Sporthúsið, Potturinn & Pannan/Gandhi, One smokkar. Það eru margir félagar sem koma að söfnun vinninga. Vinir og vandamenn aðstoðuðu við frágang og þökkun vinninga og við þökkum þeim öllum fyrir ómetanlega aðstoð. Síðast en ekki síst þökkum við Vilhjálmi Inga Vilhjálmsyni en hann starfaði sleytulaust að undirbúningi sem sjálfboðaliði vikunnar á undan.**

## Jólatrésskemmtun

Félag hinsegin foreldra sér nú alfarið um jólatrésskemmtun fyrir hinsegin fjölskyldur og var jólaballið haldið 17. desember í Laugarneskirkju. Allt var á sínum stað, jólatré, jólasveinar, jólasöngvar og síðan komu þeir foreldrar sem höfðu tók á með kökur á kökuborðið.

# MANNRÉTTINDI OG ALÞJÓÐASTARF

## Málefni Úganda - Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Fimmtudag 12. maí 2011 barst stjórn S'78 sannkallað neyðarkall frá Bleika hnefanum og nokkrum meðlimum trúnaðarráðsins varðandi stöðu mála í Úganda en þá lá fyrir *dauðafrumvarpið* svokallaða sem mun gera samkynhneigð refsiverða með dauðarefsingu ef það fæst samþykkt. Talað var um óþolandi þögn og aðgerðaleysi Samtakanna '78. Kallaður var saman í skyndi hópur fólks undir stjórn varaformanns. Hópurinn samdi fréttatilkynningu sem hvatti til að hætt yrði að veita þróunaraðstoð við Úganda sem fyrst. Þessi afstaða Samtakanna '78 hlaut töluverða gagnrýni. Varaformaður sem einnig er mannréttindafulltrúi stjórnar hafði haft þessi mál til skoðunar áður og talið að þetta þyrfti að skoða mjög vandlega áður en gripið yrði til aðgerða. Í framhaldi af þessu var rætt við framkvæmdastjóra Amnesty International og horft á heimildarmynd þann 6. júní um réttindabaráttu LGBT fólks í Úganda. Varaformaður kynnti sér þessi málefni og komst í stuttu máli að þeirri niðurstöðu að öflugir og ríkir trúarhópar, aðallega frá Bandaríkjunum, notfærðu sér fáfræði og fátækt fólks til að ala á fordómum í garð hinsegin fólks.

Á fundi sem formaður og varaformaður áttu með Þróunarsamvinnustofnun Íslands í lok september kom greinilega fram að ef þróunaraðstoð við Úganda yrði hætt væri hugsanlegt að þessir trúarhópar fengju enn sterkari ítök meðal fátækra. Í framhaldi af þessu var rætt um mögulegar aðferðir við að fræða Úgandabúa. Þórdís Sigurðardóttir hjá ÞSSÍ nefndi að fleiri læknar frá Úganda væru í Manchester í Bretlandi en öllu Úganda. Hún átti við að menntafólk flytur frá Úganda til m.a. Bretlands og Evrópu. LGBT samtök í Evrópu eiga því góða möguleika á að fræða upplýsta Úgandabúa á Vesturlöndum með það að markmiði að þeir fræði síðan landsmenn sína. Það er álit stjórnar að þannig mætti eyða fordómum smám saman. Þetta kallar á samvinnu á alþjóðavettvangi.

## Mannréttindaskrifstofa Íslands

Samtökin 78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fjórtán félög eiga aðild að skrifstofunni og er Anna Jonna Ármannsdóttir fulltrúi í stjórn fyrir hönd Samtakanna '78 og Sigurður J. Guðmundsson varafulltrúi.

## Góðir gestir frá Lehigh háskóla í Pennsylvaníu

Á haustdögum 2011 höfðu nokkrir hinsegin nemendur í Lehigh háskólanum í bænum Bethlehem í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum samband við félagi úr Samtökunum '78 og buðust til að koma í stutta ferð til Íslands til að kynna Íslandi og vinna sjálfbóðaliðastörf fyrir félagið. Timothy Gardner sem starfar sem fulltrúi fyrir hinsegin málefni í skólanum fór fyrir hópnum og skipulagði vinnu- og fræðsluferð fjögurra nemenda í samvinnu við Evu Maríu Þórarinsdóttur Lange hjá Pink Iceland, Hilmar Magnússon og Árna Grétar Jóhannsson framkvæmdastjóra Samtakanna '78.

Hópurinn kom hingað til lands í byrjun mars 2012 og vann m.a. við að mála húsakynni Samtakanna. Þá fór hann í ýmsar ferðir til að kynna landinu og fólkinu og fræðast um hinar ýmsu stofnanir samfélagsins. Þannig fór hópurinn m.a. í ýmsar skoðunar- og skemmtiferðir, gekk um hinsegin slóðir í Reykjavík og heimsótti Alþingi, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Eins tóku gestirnir þátt í dagslöngu málþingi með félögum úr Samtökunum '78 og Q en þar voru ræddar ýmsar hliðar á því að vera hinsegin á Íslandi og í Pennsylvaníu. Þá hélt Timothy vel sóttan fyrirlestur um fjölástir eða polyamory en hann hefur stundað rannsóknir á efninu.

Ferð Ameríkananna til Íslands heppnaðist í alla staði vel og kveikti kæra vináttu milli þátttakenda. Töluðu margir þeirra, íslenskir sem amerískir, um að hér væri vonandi kominn vísir að frekara hinsegin samstarfi og sterkum vináttuböndum yfir Atlantshafið.

## Í farvegi í íslensku samfélagi

Það er deginum ljósara að þrátt fyrir ágæta lagalega stöðu samkynhneigðra á Íslandi þá er ekki kominn tími á að pakka saman og hætta baráttunni. Reglulega dúkka upp gamlir „vinir“ okkar sem vilja helst frelsa okkur frá þessu lífi sem „við höfum valið okkur“ og hjálpa okkur að segja skilið við „syndina.“ Við í stjórn og fleiri ágætir félagar okkar höfum svarað greinaskrifum og viðtölum við þessa menn og munum gera áfram meðan þess gerist þörf. Það er í raun ótrúlegt að árið 2012, eftir allar þessar lagaúrbætur og breytingu á almenningsáliti okkur í hag, skuli enn heyrast þessar forpokuðu raddir sem finna okkur allt til foráttu. Það eru mjög hættuleg skilaboð sem ungar sálir fá frá þessum mönnum eins og rannsóknir sýna nú á sjálfsvígum og sjálfsvígshugsunum hinsegin ungmenna.

Stjórn hefur sett af stað vinnuhóp hvers tilgangur er að setja saman einhvers konar orðabók fyrir fjölmiðla – lista yfir orð sem okkur þykja meiðandi og eins orðin sem við teljum eðlileg þegar um okkur er rætt. Þannig erum við að uppfræða fjölmiðla í stað þess að sitja endalaust undir rangri og meiðandi orðræðu sem þarf að leiðrétta. Kennum þeim að tala rétt frá upphafi.

Stjórn skrifaði erindi til Stjórnlagaráðs samhljóða erindi Q – félags hinsegin stúdenta um að bæta orðinu *kynvitund* inn í upptalningu á mismununarbreytum í jafnræðisreglu nýrrar stjórnarskrár. Ef þessi tillaga að nýrri stjórnarskrá verður samþykkt er þar inni bann við mismunun vegna kynhneigðar, sem er ákveðinn sigur, en við viljum líka fá orðið *kynvitund* inn í upptalninguna því með því væri komin inn vernd fyrir transfólk einnig. Orðið *kynhneigð* vísar til þess hverja við elskum og orðið *kynvitund* til þess hvoru kyninu við upplifum okkur sjálf tilheyrja. Stjórnlagaráð felldi naumlega tillöguna um að bæta *kynvitund* við upptalninguna og því ákvað stjórn S'78, þegar þess gafst færi, að senda inn breytingartillögu til Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis þar sem við lögðum til að Alþingi gengi lengra en Stjórnlagaráð var tilbúið að gera. Formaður og varaformaður fóru á fund nefndarinnar í desember þar sem útskýrður var fyrir nefndarmönnum munurinn á merkingu þessara tveggja orða, *kynhneigð* og *kynvitund*, og af hverju við teljum mikilvægt að þau séu bæði inni í upptalningu jafnræðisreglunnar. Nefndin tók í sjálfu sér vel í erindi okkar en við spyrjum að leikslokum.

Þegar þetta er skrifað hefur nefnd um réttarstöðu transfólks nýlega skilað af sér til velferðarráðherra tillögu að lögum sem kveða á um hvernig skuli höndla mál fólks með kynáttunarfanda. Okkar næsta stóra verkefni er að vinna að því að þessi lög verði sett svo transmenn og transkonur búi við öruggt lagaumhverfi og þjóðfélag sem styður það í sinni baráttu sem er ekki auðveld. Innan okkar eigin hóps er einnig mikil fáfræði um transmálefni og ljóst að það er ekki síður þörf á að fræða annað hinsegin fólk um hvað það er að vera trans. Því ber að fagna nýútkomnum bæklingi Q-félags hinsegin stúdenta og Trans-Ísland sem einmitt reynir að svara þeirri spurningu – Hvað er trans?

## EVROÐUSAMSTARF

Samtökin '78 hafa um árabíl verið aðildarfélag ILGA-Europe sem eru regnhlífarsamtök 360 hinsegin félaga um alla Evrópu. ILGA-Europe starfrækja 12 manna skrifstofu í Brussel og njóta eins og mörg önnur mannréttindasamtök styrkja í gegnum PROGRESS áætlun framkvæmdastjórnar ESB. Þessir styrkir nema rúmlega helmingi þess fjármagns sem samtökin hafa úr að spila á árinu 2012 en það eru í allt um 1,8 milljónir evra eða um 300 milljónir íslenskra króna.

### Samtökunum '78 boðið til þátttöku í ESB tengslanetinu

Snemma árs 2011 urðu þau tímamót í þessum samskiptum að ILGA-Europe bauð Samtökunum '78 að senda fulltrúa til þátttöku í svokölluðu ESB-tengslaneti ILGA Europe sem starfrækt hefur verið síðan 2001. Samtökunum '78 var boðin þátttaka í þessum hópi í kjölfar umsóknar Íslands að Evrópusambandinu en í ESB-tengslanetinu eiga sæti um 30 fulltrúar landsfélaga frá öllum ríkjum ESB, auk umsóknarríkja. Fulltrúarnir í tengslanetinu funda tvisvar á ári, annaðhvort í Brussel eða í þeirri borg sem ársfundur ILGA-Europe er haldinn hverju sinni, en ILGA-Europe endurgreiðir fulltrúunum þann kostnað sem þeir þurfa að standa straum af vegna ferða og upphalds.

Stjórn Samtakanna bað Hilmar Magnússon alþjóðastjórnsmálafræðing um að taka að sér þetta hlutverk fyrir þeirra hönd og sótti hann tvo fundi tenglanetsins árið 2011, í Brussel í mars og í Tórínó á Ítalíu í október. Þá sinnti hann samskiptum við ILGA-Europe þess á milli og sá um vinnu við gerð og öflun upplýsinga fyrir tengslanetið fyrir hönd

Samtakanna '78. Í kjölfar fundanna hélt hann einnig tvo fundi fyrir félagsmenn Samtakanna '78, þann fyrri í maí og þann seinni í febrúar 2012. Þar var farið yfir störf og stefnu ILGA-Europe og ESB tengslanetsins og rætt um framtíð þessara samskipta.

### Tilgangur ESB-tengslanetsins

Tilgangur ESB tengslanetsins er að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks með því að þrýsta á stofnanir ESB og stjórnvöld í aðildarríkjum sambandsins. Þar gefst félögum kostur á að samhæfa stefnu sína og aðgerðir í þessum efnum og skiptast á upplýsingum. Þá er markmiðið ekki síður að styrkja aðildarfélögin sjálf með því að bjóða upp á aðgang að þekkingu, námskeiðum og fleiru sem lýtur að uppbyggingu og viðhaldi innra starfs þeirra. ESB tengslanetið er hugsað sem viðvarandi verkefni þar sem mikið er lagt upp úr samfellu í starfinu. Sú áhersla er sett til að tryggja virkni netsins sem og að þekkingin sem af tengslunum sprettur geymist örugglega og komist til skila.

### Verkefni ESB-tengslanetsins á tímabilinu 2011-2012

ESB-tengslanetið kemur að fjölmörgum verkefnum ILGA-Europe á hverju ári, bæði með virkri þátttöku fulltrúanna og með því að dreifa upplýsingum um stöðu mála. Á tímabilinu 2011-2012 má nefna vinnu tengda stefnumiðuðum málssóknum fyrir evrópskum dómstólum en ILGA-Europe býður upp á aðstoð við hinsegin fólk sem brotið er á í ríkjum ESB. Í stuttu máli snýst þetta t.d. um að finna og kortleggja mál þar sem löggjöf einstakra ríkja brýtur beint á hinsegin fólk og gengur gegn Evrópulöggjöf. Þar sem samtökin geta ekki sinnt öllum málum er reynt að forgangsraða og gildir þá einkum að málin séu skýr og tiltölulega auðsótt, að þau geti vakið mikla athygli og haft fordæmisgildi.

Af öðrum verkefnum tengslanetsins ber hæst vinna við ársskýrslu ILGA-Europe um stöðu og þróun mannréttinda hinsegin fólks í aðildarríkjunum. Vinnan við ársskýrslu síðasta ár stendur einmitt yfir nú þessar vikur í mars 2012 og vinnur fulltrúi Samtakanna '78 að því að taka saman efni fyrir hana. Þá má nefna aðkomu ILGA-Europe að ársskýrslum Evrópuráðsins og Grundvallarréttindastofnunar ESB um stöðu hinsegin fólks, sem og aðkomu samtakanna að frumvarpi framkvæmdastjórnar ESB um gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á samkynja samböndum.

### Verkefni tengslanetsins 2012-2013

Fulltrúar tengslanetsins munu næst hittast í Brussel í lok mars 2012 og verður áfram unnið að þeim verkefnum sem reifuð hafa verið hér að framan. Að auki verður að þessu sinni boðið upp á vandað námskeið í uppbyggingu hópa og skipulagningu félagsstarfs. Þeirri þekkingu verður miðlað til félagsmanna í Samtökunum '78 og ætti hún því að skila sér með beinum hætti inn í starf félagsins og styrkja það.

## STARFSHÓPAR og HAGSMUNAFÉLÖG

### AA-deild

AA-deild samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kom saman í Regnbogasal hvert þriðjudagskvöld frá 1987–2009. Deildin á sér lengra og samfelldara líf en nokkur annar hópur á vettvangi Samtakanna. Starfið er í dag að öllu leyti óháð starfi Samtakanna '78. AA-deild samkynhneigðra hittist á sunnudögum kl. 13.00. í Gula húsinu í Tjarnargötu 20. Vonandi liggur leiðin aftur í Regnbogasalinn á þriðjudögum í nánustu framtíð.

## DOB Iceland

Dykes on Bikes® Iceland er klúbbur lesbískra kvenna með próf á stór mótörhjól. Frá upphafi hafa lesbíur á mótörhjólum leitt gleðigönguna niður Laugavegin á Hinsegin dögum eins og tíðkast í Gay Pride göngum um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í ágúst 2009 sem þær loksins stofnuðu með sér klúbb og sóttu um inngöngu í alþjóðlegu mótörhjólasmótökin Dykes on Bikes®. Alþjóðleg skilyrði fyrir inngöngu eru þau að viðkomandi sé með próf á stórt mótörhjól og sé yfirlýst lesbía, s.s Dyke on Bike!

## FAS – Félag foreldra og aðstandenda

Samtökin '78 hafa um langt skeið átt farsælt samstarf við FAS, meðal annars í gegnum fræðsluverkefni sem Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur komið að og Þróunarsjóður Menntasviðs hefur styrkt myndarlega. Starfsemi félagsins liggur að mestu niðri þar sem lítil þörf virðist vera fyrir þennan félagsskap. Formaður hittir þó fólk sem þess óskar og einnig heldur félagið úti heimasíðu [www.samtokinfas.is](http://www.samtokinfas.is).

## Félag hinsegin foreldra

Tilgangur félags samkynhneigðra foreldra er að leggja grunn að skemmtilegu félagsstarfi þar sem sam- og tvíkynhneigðir foreldrar og börn þeirra geta átt góðar og uppbyggilegar stundir og fengið stuðning hvert frá öðru. Félagið stendur fyrir talsverðum fjölda atburða, ber þar hæst vorferð, útilegu, þátttöku í Hinsegin dögum og fjölskyldudag á sunnudeginum úti í Viðey og jólaball sem hefur verið einstaklega vel heppnað og vel sótt undanfarin ár.

Þið getið fundið okkur á facebook, undir *Félag hinsegin foreldra* eða sent okkur póst á [gayforeldrar@gmail.com](mailto:gayforeldrar@gmail.com).

## HILDI

HLDI eru sjálfstæður félagsskapur með það að markmiði að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra heyrnarskertra og skapa góðan vettvang fyrir félagslíf. HILDI hópurinn hittist reglulega í heimahúsum og skipuleggur 1-2 ferðir á ári.

## Hinsegin bíódagar

Hinsegin bíódagar skipa mikilvægan sess í menningarlífi hinsegin fólks og á þeim gefst fólki tækifæri til að sjá kvikmyndir sem annars myndu ekki rata í kvikmyndahús borgarinnar. Hinsegin bíódagar hafa verið haldnir þrisvar í Reykjavík og síðast í tengslum við Hinsegin daga í Reykjavík.

## Hinsegin dagar í Reykjavík – Gay Pride

Markmið Hinsegin daga er að halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og að stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar Gay Pride hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær. Félagar geta allir þeir gerst sem vilja styðja markmið félagsins og vinna að markmiðum þess. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta gerst félagar.

## Hinsegin kórinn

Hinsegin kórinn var stofnaður í lok síðasta sumars og æfir hann á mánudagskvöldum í Regnbogasal Samtakanna '78. Í fyrstu var kórnum stjórnað af kórfélögum en í lok október var Helga Margrét Marzellíusardóttir ráðin kórstjóri. Kórinn hefur nú þegar haldið eina tónleika og sungið á ýmsum viðburðum í Reykjavík, meðal annars í tvígang á vettvangi Samtakanna '78 í Regnbogasal. Næsta sumar verður farið í kórferðalag til Færeyja þar sem kórinn ætlar að taka þátt í þriðju Gay Pride hátíð eyjanna.

## Hin - Hinsegin Norðurland

HIN - Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækkandi. HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi og hafa það markmið að færa út kvíarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land.

Fundir fara fram í Húsinu í Rósenborg á Akureyri miðvikudaga kl. 19:30 og eru allir velkomnir í fordómalaust umhverfi. Félagið er einnig með facebook-síðu undir nafninu *HIN-Hinsegin Norðurland* þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólk um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman.

Fyrirspurnir og frekari upplýsingar veitir María Ólafsdóttir formaður, [gardinustong@gmail.com](mailto:gardinustong@gmail.com) eða í síma 823-6529.

## Hinsegin útlendingar

Á haustmánuðum kom formaður S'78 ásamt Ahmad Ba'ara á fót facebook-hópi fyrir hinsegin útlendinga, *S'78 - LGBT foreigners in Iceland - Hinsegin útlendingar á Íslandi*. Markmið hópsins er að auðvelda hinsegin útlendingum að finna hvern annan og vera vettvangur þeirra og fólks sem hefur áhuga á samskiptum við þau til að hittast og ræða málin. Mörgum þykir erfitt að kynnast okkur Íslendingum og er hópurinn því ákveðin brú inn í hinsegin samfélagið á Íslandi. Hópurinn sem nú telur 55 manns, útlendinga sem og nokkra Íslendinga, hefur hist nokkrum sinnum á Café Babalú þar sem skipst hefur verið á reynslusögum og ný vinabönd stofnuð.

## Íþróttafélagið STYRMIR

Félagið hefur frá stofnun þess árið 2006 haft það að markmiði að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur að æfingum. Auk þess setja félagar sér það markmið að vera fyrirmyndir frekar en staðalímyndir og telja að með sýnileika þjóni þeir mikilvægu forvarnarstarfi.

Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, meðal annars á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn og Gay Games 2010 í Köln. Styrmir hefur haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið, við góðan orðstír og núna í maí mun Styrmir halda sundmót IGLA í Reykjavík þar sem að gert er ráð fyrir rúmlega 800 keppendum. Fleiri stór mót með erlendum keppendum og æfingabúðir eru hugsanlega á döfinni.

Styrmisfólk heldur nú reglulegar æfingar í fótbolta, blaki, sundi og skotfimi en nánari upplýsingar um stað- og tímasetningar æfinga má finna á facebook og heimasíðu félagsins [www.ststyrmir.is](http://www.ststyrmir.is). Íþróttafélagið Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með aðildarfélag að ÍSÍ og sívaxandi samstarf er milli Styrmis og íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.

## KMK – Konur með Konum

KMK, skemmtifélag er félagsskapur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kvenna. Markmið félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem höfðar til kvenna á öllum aldri og eru um 300 konur á póstlista félagsins. Af viðburðum starfsársins má nefna hina árlegu Góugleði, sumarútilegu, jólabókakvöld o.fl. Í fjölda ára hefur blaklið æft og keppt í nafni KMK, Róðraliðið Gasellurnar kepptu á sjómannadaginn sl. eftir margra ára hlé. KMK heldur árlega golfmót og reglulega yfir árið kvennakvöld í Regnbogasalnum.

## Les Jungle samfélagið

Sumarið 2008 stofnuðu nokkrar stelpur knattspyrnuhóp undir merkjum Lez Jungle. Allar stelpur eru velkomnar án tillits til getu. Þær standa einnig reglulega fyrir skemmtilegum uppákomum, m.a. á Trúnó. Lez Jungle samfélagið má finna á slóðinni [www.lez-jungle.com](http://www.lez-jungle.com) og einnig hér [www.facebook.com/lezjungle](http://www.facebook.com/lezjungle).

## MSC Ísland

MSC Ísland var stofnað árið 1985 og hafði þar erlenda vélhjólaklúbba að fyrirmynd. Félagið er skemmtifélag karlmannna og starfar óháð Samtökunum '78. MSC rak eigin klúbb við Laugaveg en honum var lokað á síðasta ári. Núorðið snýst því starfsemi félagsins aðallega um fasta viðburði eins og fullveldishátíð 1. desember sem er eins konar árshátíð félagsmanna.

## Trans Ísland

Félagið Trans-Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað fólki sem er í óhefðbundinni stöðu með kyn sitt. Það óhefðbundna getur falist í kynáttun, kynhneigð, litningum, hormónajafnvægi, kynhlutverki, félagslegu kyni, skurðaðgerðum er varða kynið, og öðru því er varðar kyn á einhvern hátt. Hópurinn, sem starfar undir regnhlíf S'78, hittist fyrsta miðvikudag í mánuði í Regnbogasalnum auk þess sem haldin voru tvö skemmtikvöld á síðasta ári. Hópurinn vinnur að söfnun bóka um málefni transgender fólks og er ætlunin að gefa þær bókasafni S'78 til varðveislu og útlána. Félagið gefur reglulega út rafrænt fréttabréf á slóðinni <http://groups.google.com/group/trans-is-frettabref>. Einnig má benda á facebook-síðu félagsins, [facebook.com/transisland](http://facebook.com/transisland), en þar er fullt af upplýsingum um félagið og starf þess.

## Ungliðahreyfing Samtakanna '78 / Queer Youth of Reykjavík

Hópurinn hittist hvert sunnudagskvöld í félagsheimilinu að Laugavegi 3. Aðsókn í félagið var mun sveiflukenndari þetta ár en árið á undan, sem má hugsanlega rekja til þess að fræðslustarf lá í dvala part af árinu en það hefur verið eitt helsta færi til kynningar á starfi ungliðanna og vettvangur fyrir ungliða til að sinna sjálfbóðaliðastarfi í þágu Samtakanna. Þrátt fyrir það var fjölbreytt starf í gangi og má þar nefna fræðslufundi, bíómyndakvöld, spilakvöld, sleepover og útilegu auk þess sem ungliðarnir voru með sinn eigin pall á Hinsegin dögum eins og hefð er fyrir. Að jafnaði mættu 7-25 ungmenni á aldrinum 13-19 ára sem er aldurslækkun frá fyrra ári, auk þess sem að þeir sem sækja fundina tilheyra fleiri hópum hinsegin menningar en samkynhneigðra. Aukinn sýnileiki ungs hinsegin fólks, svo sem í tenglum við Hinsegin daga, fjölmiðlaumfjöllun og fræðslu í skólum, hefur á undanförunum árum fest ungliðahópin í sessi sem eina af félagsmiðstöðvum borgarinnar. Fjögurra manna stjórn ungliða kosin á aðalfundi sá um stjórn félagsins bróðurpart ársins og vann náð með fræðslufulltrúa S'78 ásamt tveim ungmennafulltrúum úr stjórn S'78.

Snemma árs 2012 ræddi stjórn S'78, fræðslufulltrúar og ungmennafulltrúar framtíð hópsins og ákveðið var í sameiningu að leggja fram á næsta aðalfundi U78 26. febrúar sl. að slíta félaginu og færa starfsemi þess inn í Samtökin'78 þar sem starfið verður skipulagt og stjórnað af fulltrúum Samtakanna '78 ásamt þremur ungliðum sem kosnir skulu til eins árs á sértilgreindum kosningafundi. Tillagan var samþykkt á aðalfundi með yfirgnæfandi meirihluta og þrír ungliðar kosnir.

## Q - félag hinsegin stúdenta

Undanfarið hefur Q-félag hinsegin stúdenta flutt mikinn hluta starfsemi sinnar til Samtakanna '78, eftir árangurslausar viðræður við Háskóla Íslands um að fá aðstöðu þar. Samtökin buðu Q velkomin og gáfu félaginu aðstöðu í fundarherbergi Samtakanna fyrir vikulega stjórnarfundum. Einnig fékk Q geymsluaðstöðu hjá Samtökunum til að geyma gamlar skýrslur og önnur verðmæti í eigu félagsins sem höfðu verið á vergangi í nokkurn tíma.

Q-félagið tók virkan þátt í stjórnlagabingi 2011 og lagði fram að orðið „kynvitund“ væri fært inn í stjórnarskrána til að vernda réttindi transfólks á Íslandi. Haldin voru mótmæli þegar tillögunni var hafnað en ákveðið var að bæta þessu ekki inn að þessu sinni. Q-félagið heldur samt sem áður áfram sinni þrotlausu baráttu fyrir réttindum hinsegin fólks, þá sérstaklega réttindum transfólks sem hafa setið á hakanum í íslensku samfélagi og íslenskri löggjöf.

Á Jafnréttisdögum Háskóla Íslands kynnti Q-félagið framgang mála í baráttunni við að fá orðið „kynvitund“ inn í stjórnarskrána og talaði um ferlið sem við fórum í gegnum. Miklar umræður sköpuðust í kringum fyrirlestur sem Silja Bára, meðlimur stjórnlagaráðs, hélt.

Eitt af stærstu verkefnum Q hingað til er loksins lokið en það er bæklingur um málefni transfólks sem Uglya Stefanía Jónsdóttir og Elín E. Magnúsdóttir stóðu að, ásamt aðstoð frá góðu fólki.

Q stóð fyrir vikulegum félagskvöldum í Samtökunum '78 alla föstudaga, líkt og árið þar á undan, og var mæting mjög góð.

Eftirtaldir lögðu til efni í þessa skýrslu: Anna Jonna Ármannsdóttir, Auður Halldórsdóttir, Árni Grétar Jóhannsson, Fríða Agnarsdóttir, Guðmundur Helgason, Guðrún Ó. Axelsdóttir, Hilmar Magnússon, Pétur Óli Gíslason, Sigríður Birna Valsdóttir, Sigurður Júlíus Guðmundsson, Uglya Stefanía Jónsdóttir og Þorvaldur Kristinsson.